

1869.
12. maí.

sinni fyrir jörðinni enn þá eitt ár, þó hann hafi ekki getað stadið í skilum fyrir landskuldinni eða nokkrum hluta hennar, og veitir stjórnarráðið stiptamtinu þá heimild til, þegar fengnar hafa verið skýrslur þær, sem með þarf um það efni, að veita slíka lenging á byggingarréttinum.

13. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um frest á borgun uppí kornlán.

Í bréfi dagsettu 28. janúarmán. þ. á. með fylgiskjali hafið þér, herra amtmáður, sókt um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér, samkvæmt bænarskrá til yðar frá hreppstjórnunum í Glæsibæjar, Skriðu og Arnarness hreppum í Eyjafjarðarsýslu, til bráðabirgða hafið veitt tæðum hreppum frest til 1. janúarmán. 1870 á að borga sjöunda hlutann uppí skuld þá, sem á þeim hvílir fyrir kornmat, er þeir höfðu fengið, samtals 85 tunnum, af þeim 500 tunnum af rúgi, er sendar voru að ráðstöfun stjórnarráðsins til Hofsóss haustið 1867, á þann hátt að þeir 1. janúarmán. 1870 greiði sjöunda hluta skuldariinnar og leigur fyrir eitt ár og hálf annað missiri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið, afleiðinganna vegna og af því engin sérstakleg ástæða er til að veita tæðum hreppum þessa ívilnan, álitur sér ekki fært að veita samþykki það, sem um er beðið.

13. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um afgang af konungsjörðum og þurra-búðum á Vestmannaeyjum.

Með bréfi dagsettu 3. septembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið